



cutting through complexity™

Sveitarfélagið Hornafjörður

Endurskoðunarskýrsla

Apríl 2015



Hornafirði, 9. apríl 2015

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Lovísa Rósa Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins eins og lýst var í ráðningarbréfi dagsettu 6. janúar 2014.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla sveitarstjórnar uppfylli kröfur laga. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Niðurstöður endurskoðunar okkar eru að við áritum ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2014 með fyrirvaralausri áritun.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Þessar upplýsingar ætti ekki að nota í neinum öðrum tilgangi.

Skýrsla þessi er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningi. Skýrslan bætir hvorki við né breytir skyldum okkar sem endurskoðendur.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur er skylt sem endurskoðendur í því skyni að koma auga á og upplýsa um atriði sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Skýrslan er einungis ætluð sveitarstjórn og stjórnendum sveitarfélagsins og má ekki dreifa henni, í heild eða að hluta, til annarra án skriflegs samþykkis okkar.

Við viljum þakka stjórnendum og starfsmönnum fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni stóð.

Við treystum því að þessar upplýsingar séu í samræmi við kröfur ykkar og munum með ánægju veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Magnús Jónsson
Sigurjón Örn Arnarson

Afrit: Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Magnús Jónsson
Endurskoðandi / Partner

Sími: 545 6562
magnusjonsson@kpmg.is

Sigurjón Örn Arnarson
Endurskoðandi / Senior
Manager

Sími: 545 6131
sarnarson@kpmg.is

	Bls.		Bls.
Sveitarfélagið Hornafjörður		5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.	
Inngangur	1	5.3 Skammtímakröfur	14
1. Megin niðurstöður		5.4 Skuldir og skuldbindingar	15-16
1.1 Helstu niðurstöður	3	6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun	
2. Um endurskoðun ársins 2014		6.1 Heildareignir	17
2.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar	4	6.2 Eiginfjárlutfall	18
2.2 Innra eftirlit og stjórnsýsluskoðun	5	6.3 Skuldir og skuldbindingar	19
3. Fjárhagsáætlun og rauntölur		6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið	20-21
3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	6	6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili	22
3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun	7	6.6 Framlegðarlutfall	23
4. Ársreikningur sveitarfélagsins		7. Rekstur A og B hlutafyrirtækja sveitarfélagsins	
4.1 Rekstrarreikningur ársins 2014	8	7.1 Rekstur A hluta fyrirtækja á árinu 2014	24
4.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2014	9-10	7.2 Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2014 – samantekið	25
4.3 Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014	11	8. Önnur atriði	
5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir		8.1 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2015-2018	27
5.1 Almennt	12	8.2 Ábyrgðir, fjárhagsskilyrði og lántökur	28
5.2 Fastafjármunir	13		

Atriði	Helstu niðurstöður	Nánari umfjöllun
A og B hluti Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélagsins	<ul style="list-style-type: none"> • Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 218 millj. kr., en niðurstaða A hluta var jákvæð um 189 millj. kr. Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 376 millj. kr., en 289 millj. kr. í A hluta. • Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 1.287 millj. kr. í árslok 2014, en 1.088 millj. kr. í A hluta. Eigið fé A og B hluta var 2.900 millj. kr. í árslok en eigið fé A hluta nam 2.569 millj. kr. Eiginfjárlutfall A og B hluta nam 69% en 70% hjá A hluta. 	Bls. 6, 8-10
A hluti	<ul style="list-style-type: none"> • Eins og fram kemur í skýringu 8 í ársreikningi er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs jákvæð um 293 millj. kr. en Eignasjóðs neikvæð um 65 millj. kr. og Þjónustumiðstöðvar neikvæð um 38 millj. kr. • Samkvæmt sjóðstreymisfirliti er veltufé frá rekstri Aðalsjóðs 288 millj. kr. og um 35 millj. kr. hjá Eignasjóði og veltufé Þjónustumiðstöðvar er neikvætt um 34 millj. kr. á árinu. 	Bls. 24
B hluti	<ul style="list-style-type: none"> • Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Hornafjarðarveitur, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf. • Rekstrarniðurstaða B hluta var jákvæð um 28 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Þar af var rekstrarafkoma Hafnarsjóðs jákvæð um 19 millj. kr. Eigið fé í árlök nam 359 millj. kr. og veltufé frá rekstri nemur á árinu 87 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisfirliti. 	Bls. 25
Fjárhagsleg viðmið	<ul style="list-style-type: none"> • Skuldahlutfall A og B hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð um fjárhagsleg viðmið nr. 502/2012, nemur 61% í árslok 2014, en þetta hlutfall var 62% í árslok 2013. • Skuldaviðmið A og B hluta, skv. sömu reglugerð, nemur 55% í árslok 2014, en þetta hlutfall var 56% í árslok 2013. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ofangreindri reglugerð þá skulu þessi hlutföll ekki var hærri en 150%. • Þá skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Rekstrarjöfnuður Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir A og B hluta hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður áfram, gangi fyrirliggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir. 	Bls. 20-22
Innra eftirlit , fjárhagskerfi og stjórnsýsla	<ul style="list-style-type: none"> • Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins er varðar innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2015. 	Bls. 5
Áætlanir 2015- 2018	<ul style="list-style-type: none"> • Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir áframhaldandi jákvæðri rekstrarafkomu bæði hjá A og B hluta auk þess sem reksturinn skili verulegu veltufé til fjárfestinga og afborgana lána. Sveitarfélagið mun þó þurfa á ytri lánnum halda til fjármögnunar fyrirhugaðra framkvæmda næstu ára. 	Bls. 26

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

Ársreikningurinn gefur glögga mynd af rekstri, efnahag og breytingu á handbæru fé

2.1.1. Framkvæmd endurskoðunarinnar

- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun ársreikningsins felur meðal annars í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við fjárhagsáætlun og ársreikning fyrri árs. Við yfirferð efnahagsreikningsins hefur tilvist eigna og eignarhald verið kannað.
- Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits.
- Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Stjórnendur sveitarfélagsins munu samhliða afgreiðslu ársreikningsins við síðari umræðu í bæjarstjórn, undirritað sérstakt staðfestingarábréf þess efnis að þeir staðfesta ábyrgð sína á því að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

2.1.2. Niðurstöður

- Fyrirliggjandi ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2014 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 9. apríl 2015. Munum við árita ársreikninginn samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu með neðangreindri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.
- Í áritun okkar á ársreikning Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins á árinu 2014, fjárhag þess í árslok 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins

2.2.1. Innra eftirlit og fjárhagskerfi

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2014 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun. Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins.
- Endurskoðun okkar felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

2.2.2 Niðurstöður varðandi innra eftirlit

- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins munnlega eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Þar viljum við benda sérstaklega á neðangreind atriði:
 - *Við endurskoðun komu fram dæmi VSK hafði bókast rangt á milli sjóða.*
 - *Aðgreining starfa er ekki fullnægjandi.*
 - *Brotalamir hafa komið upp í innheimtuferli sveitarfélagsins.*
 - *Tekjur þjónustumiðstöðvar og Eignasjóðs standa ekki undir rekstri.*
 - *Upp kom að verksamningur vegna verkframkvæmda var ekki undirritaður.*

- *Skammtímaskuldir einstakra sjóða við Aðalsjóð og skuld Aðalsjóðs við Hafnasjóð.*
- *Bóka ætti eignfærslur í efnahagsreikning jafnóðum.*
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunavinnu vegna ársins 2015.

2.3.1. Stjórnsýsluskoðun

- Samhliða vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2014 höfum við kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrgja fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- Var í því sambandi kannað hvort bæjarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

2.3.2 Niðurstöður varðandi stjórnsýslu

- Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunavinnu vegna ársins 2015.
- Við viljum upplýsa bæjarstjórn um að við skoðun okkar á árinu 2014 kom í ljós að ekki hafði verið brugðist að öllu leiti við ábendingum okkar sem komið var á framfæri við bæjarstjóra vegna stjórnsýsluskoðunar 2013.

3. Fjárhagsáætlun og rauntölur

3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2014 og áranna 2014 – 2017 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 12. desember 2013.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar yfir árið.

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var áætluð 146 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A og B hluta um 187 millj. kr. Eftirfarandi töflur sýna frávik frá fjárhagsáætlun og hlutfallslegan mismun á milli rauntalna og áætlunar. Í fráviki frá áætlun tákna tölur í sviga að gjöld í ársreikningi eru umfram áætlun.

Fjárhæðir í töflu eru í millj. kr.

Rekstur A hluta					
	Ársreikningur 2014	Áætlun 2014 með viðaukum	Frávik frá áætlun 2014 með viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Frávik frá upphaflegri fjárhagsáætlun
Rekstrartekjur	1.885	1.769	6,6%	1.778	6,0%
Rekstrargjöld	(1.700)	(1.595)	(6,6%)	(1.612)	(5,5%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	(28)	-	(17)	-
Rekstrarniðurstaða	<u>189</u>	<u>146</u>	29,5%	<u>149</u>	26,8%

Rekstur A og B hluta					
	Ársreikningur 2014	Áætlun 2014 með viðaukum	Frávik frá áætlun 2014 með viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Frávik frá upphaflegri fjárhagsáætlun
Rekstrartekjur	2.113	2.017	4,8%	2.014	4,9%
Rekstrargjöld	(1.881)	(1.768)	(6,4%)	(1.777)	(5,9%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(14)	(62)	(77,4%)	(58)	(75,9%)
Tekjuskattur	0	0	-	0	-
Rekstrarniðurstaða	<u>218</u>	<u>187</u>	16,6%	<u>179</u>	21,8%

3. Fjárhagsáætlun og rauntölur

3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2014 og áranna 2014 – 2017 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 12. desember 2013.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar yfir árið.

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam 348 millj. kr. á meðan fjárfestingaráætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 381 millj. kr. Fjárfesting í B hluta nam samtals 42 millj. kr. en fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 61 millj. kr. fjárfestingu.

Fjárfesting ársins greinist þannig miðað við einstaka flokka eigna samkvæmt skýringu 9 í þúsundum króna.

	Fjárfesting ársins	Áætlun 2014 með viðaukum
A hluti		
<i>Fasteignir og önnur mannvirki:</i>		
Vöruhúsið.....	119.143	120.000
Malbik og fl.....	77.529	70.390
Gámaport og sorpstöð.....	50.670	49.690
Ekra.....	14.641	13.000
Gangstéttir.....	12.371	15.000
Sindrabær.....	7.926	10.000
Sorpgryfja.....	7.535	10.000
Opin svæði og leiksvæði.....	7.732	5.000
Miðbæjarsvæði.....	7.084	10.882
Annað.....	3.941	14.000
Strandstígur.....	1.000	4.200
Plan við Mánagarð.....	0	7.000
Golfvöllur.....	0	2.000
Hafnarskóli.....	0	3.000
Fasteignir og önnur mannvirki samtals	309.572	334.162
Aðrar eignir		
Áhöld og tæki í sorpstöð.....	13.423	10.000
Áhöld og tæki í skólalædhús.....	11.091	11.000
Brunadælur.....	5.589	2.000
Bifreiðar og dráttarvélar.....	8.334	14.800
Annað.....	0	8.928
A hluti	348.010	380.890
B hluti		
Vatnsveita.....	2.994	0
Fráveita.....	5.559	41.500
Hafnarsjóður.....	19.229	15.000
Gagnaveitukerfi.....	14.522	4.000
B hluti	42.304	60.500
A og B hluti samtals	390.314	441.390

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.1. Rekstrarreikningur ársins 2014

Nánari greiningu er að finna á bls. 5 í ársreikningi 2014, sjóðstreymisýfirliti 2014 á bls. 8, auk skýringa nr. 4 til 8 í ársreikningi sem taka til einstakra liða í rekstrarreikningi.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2014.

Rétt er einnig að benda á skýringu 22 í ársreikningi þar sem birt er yfirlit um lykiltölur A hluta sem taka til rekstrar s.l. fimm ára.

Rekstrarreikningur A og B hluta 2014

- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 námu rekstrartekjur A og B hluta 2.113 millj. kr. samanborið við 2.028 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun á milli ára nemur 4,2%. Skýrist þetta að stærstum hluta af hækkun skatttekna og hækkun framlags jöfnunarsjóðs.
- Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 1.881 millj. kr. en voru 1.777 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun frá fyrra ári nemur 5,8%.
- Afkoma fyrir fjármagnsliði nemur því 232 millj. kr. og lækkar um 7,5% frá fyrra ári.
- Nokkrar breytingar er á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum á milli ára og námu fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta 14 millj. kr. á árinu, samanborið við 23 millj. kr. árið 2013. Meðal fjármagnsliða eru færðar 10 millj. kr. til tekna vegna endurútreiknings gengistryggðra rekstrarleigusamninga.
- Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 218 millj. kr.

Rekstrarreikningur A hluta 2014

- Rekstrartekjur A hluta námu 1.885 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við 1.753 millj. kr. á árinu 2013.
- Rekstrargjöld A hluta námu alls 1.700 millj. kr. á árinu 2014 en voru 1.580 millj. kr. á árinu 2013.

Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	2.113	2.028	4,2%
Rekstrargjöld	(1.881)	(1.777)	5,8%
Afkoma fyrir fjármagnsliði	232	251	(7,5%)
Fjármagnsliðir	(14)	(23)	(39,7%)
Tekjuskattur	0	1	(100,0%)
Rekstrarniðurstaða	218	229	(4,7%)

Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	1.885	1.753	7,6%
Rekstrargjöld	(1.700)	(1.580)	7,6%
Afkoma fyrir fjármagnsliði	185	172	7,3%
Fjármagnsliðir	4	8	-
Rekstrarniðurstaða	189	180	5,0%

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.2. Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 13 í ársreikningi sem taka til einstakra eignaliða í efnahagsreikningi.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2014.

Eignir A og B hluta

- Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 4.187 millj. kr. í árslok 2014 fyrir A og B hluta, samanborið við 3.931 millj. kr. í árslok 2013. Hækkun á milli ára er 6,5%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu alls 3.741 millj. kr. hjá A og B hluta og hækka um 234 millj. kr. frá fyrra ári.
- Óinnheimtar skatttekjur námu 76 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 67 millj. kr. árið áður og nemur hækkunin 14,2% á milli ára.
- Veltufjárhlutfall A og B hluta í árslok 2014 nam 0,91 samanborið við 0,97 í árslok 2013. Lækkun stafar af hækkun skammtímaskulda.

Eignir A hluta

- Heildareignir A hluta námu 3.657 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 3.409 millj. kr. í árslok 2013 sem er hækkun um 7,3% á milli ára.
- Veltufjárhlutfall A hluta í árslok 2014 nam 1,23 samanborið við 1,32 í árslok 2013

Eignir A og B hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.741	3.508	6,7%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	147	133	10,6%
Birgðir	0	1	(100,0%)
Óinnheimtar skatttekjur	76	67	14,2%
Aðrar skammtímakröfur	77	85	(9,7%)
Handbært fé	145	138	5,3%
Eignir samtals	<u>4.187</u>	<u>3.931</u>	6,5%

Eignir A hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.891	2.653	9,0%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	285	300	(5,1%)
Birgðir	0	1	(100,0%)
Óinnheimtar skatttekjur	76	67	14,2%
Kröfur á eigin fyrirtæki	205	191	7,6%
Aðrar skammtímakröfur	66	62	6,0%
Handbært fé	135	136	(1,1%)
Eignir samtals	<u>3.657</u>	<u>3.409</u>	7,3%

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 14 til 19 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2014.

Eigið fé A og B hluta

- Eigið fé A og B hluta nam um 2.900 millj. kr. í árslok 2014 og er eiginfjárlutfall sveitarfélagsins 69,3% samanborið við 68,2% í árslok 2013. Hækkun stafar af afkomu ársins.

Skuldir og skuldbindingar A og B hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.287 millj. kr. í árslok 2014 fyrir A og B hluta, samanborið við 1.249 millj. kr. í árslok 2013.
- Langtímaskuldir námu alls 614 millj. kr. hjá A og B hluta samanborið við 626 millj. kr. árið áður og lækka um 1,9% á milli ára. Lækkun skýrist af því að afborganir voru hærri en lántökur og verðlagsáhrif.
- Skammtímaskuldir námu 327 millj. kr. í árslok 2014 hjá A og B hluta samanborið við 298 millj. kr. árið áður og nemur lækkunin alls 4,6% á milli ára. Hækkun skýrist að stórum hluta af hækkun næsta árs afborgana langtímalána og hækkun viðskiptaskulda.

Eigið fé A hluta

- Eigið fé A hluta nam 2.569 millj. kr. í árslok 2014 og hækkaði um 8,0% frá fyrra ári. Eigin fjárlutfall A hluta nam í árslok 70,3% samanborið við 69,8% í ársbyrjun.

Skuldir og skuldbindingar A hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 1.088 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 1.029 millj. kr. í árslok sem er hækkun um 5,7% á milli ára. Skuld aðalsjóðs við hafnarsjóð hækkaði um 12 millj. kr. á milli ára.

Eigið fé og skuldir A og B hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar	2.900	2.682	8,1%
Skuldbindingar	346	325	6,6%
Langtímaskuldir	614	626	(1,9%)
Skammtímaskuldir	327	298	9,5%
Eigið fé og skuldir samtals	<u>4.187</u>	<u>3.931</u>	6,5%

Eigið fé og skuldir A hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar	2.569	2.380	8,0%
Skuldbindingar	300	285	5,0%
Langtímaskuldir	398	398	(0,0%)
Skammtímaskuldir	390	345	13,0%
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.657</u>	<u>3.409</u>	7,3%

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.3. Sjóðstreymisýfirlit ársins 2014

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2014.

Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti 2014 nam veltufé frá rekstri A og B hluta 376 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við 371 millj. kr. á árinu 2013, sem svarar til 1,3% hækkunar.
- Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta um 394 millj. kr. samanborið 385 millj. kr. á árinu 2013, eða sem svarar til 2,5% hækkunar.
- Fjárfestingarhreyfingar á árinu í A og B hluta voru neikvæðar um samtals 381 millj. kr. samanborið við 456 millj. kr. á árinu 2013.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins fyrir A og B hluta voru neikvæðar um 6 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við að árinu 2012 voru þær jákvæðar um 12 millj. kr. Breyting á milli ára stafar af auknum afborgunum langtímalána.
- Handbært fé hækkaði um 7 millj. kr. á árinu og nam það 145 millj. kr. í árslok 2014.

Sjóðstreymisýfirlit A hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti 2014 nam veltufé frá rekstri A hluta 289 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við 261 millj. kr. á árinu 2013, sem svarar til 10,8% hækkunar.
- Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A hluta um 300 millj. kr. samanborið 257 millj. kr. á árinu 2013, eða sem svarar til 16,6% hækkunar.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar í A hluta um samtals 309 millj. kr. samanborið við 358 millj. kr. árið 2013.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins fyrir A hluta voru jákvæðar um 8 millj. kr. á árinu 2014 samanborið við að á árinu 2013 voru þær jákvæðar um 43 millj. kr.
- Handbært fé lækkaði um 1 millj. kr. á árinu og nam það 135 millj. kr. í árslok 2014.

Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	
Veltufé frá rekstri	376	371	1,3%
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	19	14	32,8%
Handbært fé frá rekstri	394	385	2,5%
Fjárfestingahreyfingar	(381)	(456)	(16,3%)
Fjármögnunarahreyfingar	(6)	12	(146,7%)
Breyting á handbæru fé	7	(58)	(112,4%)

Sjóðstreymisýfirlit A hluta

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013	Breyting milli ára
Veltufé frá rekstri	289	261	10,8%
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	11	(4)	(406,6%)
Handbært fé frá rekstri	300	257	16,6%
Fjárfestingahreyfingar	(309)	(358)	(13,6%)
Fjármögnunarahreyfingar	8	43	(81,9%)
Breyting á handbæru fé	(1)	(58)	(97,5%)

Sveitarstjórnarlög
nr. 138/2011

Lög um bókhald
nr. 145/1994

Lög um ársreikninga
nr. 3/2006

Reglugerð nr. 944/2000

Álit reikningsskilanefndar
sveitarfélaga

Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og lögum um ársreikninga að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2014 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- Gert er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 3 í ársreikningi.



Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 12 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi.

5.2.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta námu um 3.741 millj. kr. í árslok 2014 eða um 89,4% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 132 millj. kr.
- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 390 millj. kr. á árinu samanborið við 456 millj. kr. á árinu 2013. Vega þar þyngst eftirtaldir fjárfestingar:
 - Fjárfestingar Eignasjóðs tengdar, Vöruhúsinu 119 millj. kr. endurbótum á götum 78 millj. kr., framkvæmdum við Sorpstöð, Gámaport 51 millj. kr. og endurbætur á Ekru 15 millj. kr.
 - Fjárfesting þjónustumiðstöðvar nam 22 millj. kr.
 - Fjárfesting Hornafjarðarveitna í fráveitukerfum 9 millj. kr.
 - Fjárfesting Hafnarsjóðs í hafnarmannvirkjum og búnaði 19 millj. kr.
 - Fjárfestingar Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. 14 millj. kr.
- Nánar er fjallað um fjárfestingu ársins í skýringu 9 í ársreikningi.
- Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutækna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reiknings-skiladegi og endurmat fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar
- Á árinu 2014 var ekki fært endurmat lóða- og lendna.
- Á árinu 2012 fékk sveitarfélagið að gjöf knattspyrnuhús frá Skinney-Þinganesi hf. sem byggt var yfir gervigrasvöll í eigu sveitarfélagsins. Bókfært verð knattspyrnuhúss í ársreikningi sveitarfélagsins er útlagður kostnaður þess. Afhending hússins hafði ekki áhrif á tekjur eða eignir sveitarfélagsins. Við viljum vekja athygli á því að eignir hefur ekki verið metin til eignar við ákvörðun leigu á knattspyrnuhúsi til málaflokka sveitarfélagsins.

5.2.2 Eignarhlutir í félögum og stofnframlög

- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 146 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2014 og hækkuðu um 15 millj. kr. vegna fjárfestinga í Háskólafélagi Suðurlands og Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands.
- Stærstu eignarhlutir í árslok voru 1,35% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 119 millj. kr., stofnframlag í Jöklastréti á Hornafirði ses. að fjárhæð 20 millj. kr., framlag í Atvinnuþróunarfélag Suðurlands 8 millj. kr. og stofnsjóðsinneign í Sláturfélaginu Búa svf. sem bókfærður er á 7 millj. kr.
- Farið var yfir stöðu eignarhluta í félögum ásamt stjórnendum sveitarfélagsins og mat þeirra á raunvirði einstakra eignarhluta.
- Niðurstaðan er sú að áætluð óbein niðurfærsla sem færð er á móti eignarhlutum í félögum nemur 28 millj. kr. og er hún færð til lækkunar á bókfærðu verði eignarhluta í efnahagsreikningi í árslok.
- Eignarhlutir í Jöklastréti á Hornafirði ses, Brennu flosa hf. og Nýherjabúðum eru niðurfærðir að fullu.

5.2.3 Langtímakröfur

- Langtímakröfur A og B hluta voru í árslok 4 millj. kr. að meðtöldum næsta árs afborgunum og breyttust óverulega á milli ára.
- Meðal langtímakrafna eru færðir búseturéttir að fjárhæð 2 millj. kr.

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringar nr. 13 í ársreikningi sem tekur til veltufjármuna í efnahagsreikningi.

5.3.1 Óinnheimtar skatttekjur

- Útsvar og fasteignaskattur samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 nam 1.069 millj. kr. samanborið við 1.033 millj. kr. árið 2013. Það svarar til hækkunar sem nemur um 3,4% á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur um 76 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 67 millj. kr. í árslok 2013 að teknu tilliti til niðurfærslu.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 21 millj. kr. í árslok 2014 en nam í árslok 2013 um 18 millj. kr. og hækkar því niðurfærslan um 3 millj. kr. á milli ára. Hækkun niðurfærslu er færð til lækkunar á skatttekjum og vaxtatekjum í rekstrarreikningi.
- Nemur hlutfall afskriftareiknings skatttekna nú um 17,7% af óinnheimtum skatttekjum samanborið við 21,1% í árslok 2013.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.

5.3.2 Aðrar skammtímakröfur

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 75 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 83 millj. kr. í árslok 2013. Lækkun stafar af lækkun í kröfum vegna endurgreiðslu VSK milli ára.
- Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 7 millj. kr. í árslok 2014 samanborið við 15 millj. kr. í árslok 2013.
- Nemur hlutfall afskriftareiknings A og B hluta nú um 8,3% af heildarkröfum samanborið við 15,1% í árslok 2013. Niðurfærslan greinist þannig að 6,5 millj. kr. eru færðar niður vegna almennra krafna í Aðalsjóði, og 0,3 millj. kr. vegna krafna í Hafnarsjóði.
- Eins og fram kom hér að framan er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi.
- Endanleg afskrift krafna nam á árinu 2014 10,9 millj. kr. þar af nam afskrift VSK krafna 8 millj. kr. og kröfur í lögfræðiiinnheimtu 1,9 millj. kr.



Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 15 til 19 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi.

5.4.1 Lífeyrisskuldbinding


- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Skuldbindingin er gagnvart LSR. Reiknuð breyting á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Greiddur lífeyrir á árinu nam 7 millj. kr. og er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins nam 344 millj. kr. í árslok 2014 og nemur hækkun ársins 22 millj. kr.

5.4.2 Tekjuskattsskuldbinding

- Meðal skuldbindinga A og B hluta er færð tekjuskattsskuldbinding upp á 3 millj. kr. vegna Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. Skuldbindingin er reiknuð af mismuni bókfærðs verðs rekstrarfjármuna félagsins skv. ársreikningi og skattauppgjöri hins vegar.
- Mismunur stafar að mestu af því að hluti fastafjármunir félagsins hafa verið niðurfærðir að fullu í skattskilum félagsins.

5.4.3 Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 724 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímalán að fjárhæð 614 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 110 millj. kr. Skuldir við lánastofnanir námu 725 millj. kr. ársbyrjun.
- Skuldir A hluta við lánastofnanir námu í árslok 493 millj.kr.
- Lánasafn félagsins greinist þannig að 64,1% skulda sveitarfélagsins eru verðtryggð lán í íslenskum krónum, sem bera 1-6,5% vexti, 8,3% eru skuldir í erlendum myntum, sem bera 0,3% vexti og 27,6% eru óverðtryggðar skuldir sem bera 6,7% vexti. Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.
- Verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána nam 6 millj. kr. og gengismunur hafði 3 millj. kr. áhrif til lækkunar. Lántaka ársins nam 100 millj. kr.
- Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2015 eru 110 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 376 millj. kr. á árinu 2014. Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána auk þess að ganga upp í fjárfestingar og hefur því sveitarfélagið umtalsvert fjármagn frá rekstri til fjárfestinga umfram afborganir langtímalána.
- Nánar er fjallað um skulda- og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins í kafla 6 í skýrslunni.



Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 15 til 19 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi.

5.4.4 Leiguskuldir

- Skuldbinding félagsins vegna leigusamnings um fasteignina að Hafnarbraut 30 féll niður á árinu 2014.

5.4.5 Aðrar skammtímaskuldir

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 217 millj. kr. í árslok 2014 og hækkuðu um 19 millj. kr. á árinu 2014.
- Í árslok 2014 er færð til skuldar 5 millj. kr. skuld vegna stofnframlags í Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

5.4.6 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- Um skuldbindingar utan efnahags er fjallað í skýringu 19 í ársreikningi 2014.
- Í árslok 2014 felast þessar skuldbindingar í rekstrarleigusamningum vegna leigu húsnæðis og lands.


6.1 Heildareignir

Fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að heildareignir A og B hluta hækki úr 4.186 millj. kr. frá árslokum 2014 í 4.819 til ársloka 2018.

Heildareignir A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 3.657 millj. kr., en A og B hluta 4.186 millj. kr. Heildareignir A og B hluta hafa á árinu 2014 hækkað um 255 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildareignir í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum, en árin 2015 til 2018 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna í fjárhagsáætlun 2015 til 2018. Þá er búið að leiðrétta fjárhæðir í áætlun fyrir niðurstöðu ársreiknings 2014.

Heildareignir í millj. kr.



6.2 Eiginfjárlutfall


Eiginfjárlutfall A og B hluta er 69,3% í árslok 2014 en fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að eiginfjárlutfall verði orðið 70,9% í árslok 2018.

Eigið fé A hluta í árslok 2014 nam 2.569 millj. kr. eða 70,2% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé A og B hluta nam 2.900 millj. kr. eða 69,3% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé A hluta hækkar á árinu um 189 millj. kr. og eigið fé A og B hluta hækkar um 218 millj. kr. sbr. skýringu 14 í ársreikningi 2014. Skýring á hækkun eiginfjár milli ára skýrist af rekstrarafgangi ársins að fjárhæð 218 millj. kr.

Eiginfjárstaða sveitarfélagsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok hefur því styrkst á milli ára og er mjög góð í samanburði við önnur sveitarfélög.

Eftirfarandi línurit sýnir eiginfjárlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2013 til 2014 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2015 til 2018 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárlutfalli í fjárhagsáætlun 2015 til 2018. Þá er búið að leiðrétta fjárhæðir í áætlun fyrir niðurstöðu ársreiknings 2014.

Eiginfjárlutfall




Fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að heildarskuldir A og B hluta hækki úr 1.286 millj. kr. frá árslokum 2014 í 1.400 millj. kr. til ársloka 2018.

Skuldir og skuldbindingar A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1.088 millj. kr., en A og B hluta 1.286 millj. kr. Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta hafa á árinu 2014 hækkað um 37 millj. kr.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 til 2014 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2015 til 2018 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í fjárhagsáætlun 2015 til 2018.

Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



6. Fjárhagstaða í árslok og þróun

6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið


Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldahlutfall A og B hluta Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt ársreikningi er 60,9% í árslok 2014.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2015 til 2018 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt ársreikningi er 54,9% í árslok 2014.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2015 til 2018 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á viðmiðinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Gildir ákvæðið frá og með reikningsárinu 2012 og teljast því eldri reikningsár ekki með við afmörkun á þriggja ára tímabilinu.

Eins og sjá má á stöplaritinu verður rekstrarjöfnuður Sveitarfélagsins Hornafjarðar jákvæður á komandi árum gangi áætlanir eftir.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2012 - 2014 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2015 til 2018 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.




Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013 og 2014 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2015 til 2018 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



7. Rekstur A og B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins

7.1. Rekstur A hluta fyrirtækja á árinu 2014

Til A hluta sveitarfélagsins teljast Aðalsjóður, Eignasjóður og Þjónustumiðstöð.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2013.

7.1.1 Almennt

- Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.
- Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 189 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé í árlök var jákvætt um 2.569 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri nam á árinu 289 millj. kr. samkvæmt sjóðstremisýfirliti.
- Næsta árs afborganir skulda við lánastofnanir nema 96 millj. kr. þannig að fjármunamyndum A hluta stendur vel undir greiðslubyrði langtímalána.

7.1.2 Aðalsjóður

- Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.
- Hagnaður á árinu 2014 var nánast óbreyttur frá fyrra ári og var 293 millj. kr. samanborið við 296 millj. kr. árið áður.
- Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var jákvæð um 195 millj. kr. samanborið við 151 millj. kr.
- Hreinar fjármunatekjur námu 98 millj. kr. samanborið við 146 millj. árið 2013. Breyting stafar að stórum hluta af lægri verðbólgu.
- Veltufé frá rekstri nam 288 millj. kr.
- Eigið fé í árslok nam í árslok alls 3.581 millj. kr.
- Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki nema í árslok 2.398 millj. kr. þar af eru kröfur á Eignasjóð 1.902 millj. kr.
- Við viljum benda á að meðal skammtímaskulda Aðalsjóðs er færð 83 millj. kr. skammtímaskuld við Hafnarsjóð sem myndast sökum þess að fjármunamyndum Hafnarsjóðs er nýtt í Aðalsjóði. Ef fyrirséð er að staða verði viðvarandi er talið eðlilegt að Hafnarsjóður hafi ávöxtun af þessum fjármunum.

7.1.3 Eignasjóður

- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 65 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé í árslok 2014 var neikvætt um 715 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri nam 34 millj. kr.
- Helstu skýringar á lakri rekstrarniðurstöðu Eignasjóðs má rekja til fjármagnskostnaðar. En rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 29 millj. kr.
- Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað þar sem stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra. Lök rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er vísbending um að tekjur sjóðsins séu of lágar og endurskoða þurfi leigufjárhæðir til þess að leiga standi undir rekstri og fjármögnun eigna sjóðsins.

7.1.4 Þjónustumiðstöð

- Rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar var neikvæð um 38 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé í árslok 2014 var neikvætt um 296 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 34 millj. kr.
- Lök rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar bendir til að tekjur hennar séu vanreiknaðar og hún látin bera kostnað sem með réttu ætti heima á öðrum málaflokkum eða stofnunum sveitarfélagsins.
- Meginhlutverk Þjónustumiðstöðvar er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn þóknun sem endurspeglar raunkostnað þjónustunnar.

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem fjármögnuð eru fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hornafjarðarveitur, Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningnum.

7.2.1 Almennt

- Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.
- Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Hornafjarðarveitur, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.
- Rekstrarniðurstaða B hluta var jákvæð um 28 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2014. Eigið fé í árslok nam 358 millj. kr. Veltufé frá rekstri nam á árinu 87 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.
- Almennt er þjónustugjöldum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði viðkomandi stofnana þegar til lengri tíma er litið.
- Almennt gildir það að ef rekstur B hluta stofnana er neikvæður og fyrséð er að ekki verði viðsnúningur í rekstri þeirra þurfa að koma til framlög frá A hluta sem taka verður af skatttekjum. Þau framlög eru þá gjaldfærð í Aðalsjóði og tekjufærð í viðkomandi undirfyrirtækjum.
- Á árinu 2014 voru öll B-hluta fyrirtæki rekin með hagnaði.
- Í árslok námu skuldir B hluta við A hluta 316 millj. kr. og lækka um 15 millj. kr. á milli ára. Greinast þessar skuldir þannig að langtímalán nema 111 millj. kr. en skammtímalán nema 205 millj. kr.

7.2.2 Hafnarsjóður

- Rekstrarafgangur Hafnarsjóðs á árinu 2014 nam 19 millj. kr. samanborið við 50 millj. kr. árið áður. Eigið fé nam í árslok 368 millj. kr. og veltufé frá rekstri nam 42 millj. kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 19 millj. kr.
- Í árslok 2014 nam krafa Hafnarsjóðs á hendur Aðalsjóði um 83 millj. kr. samanborið við 71 millj. kr. í árslok 2013.
- Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilt eftir því sem leiðir af viðkomandi lagareglum að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem er bundið í rekstri stofnana þeirra og fyrirtækja. Þetta ákvæði í sveitarstjórnarlögum er almenns eðlis og horfa verður til sérákvæða sem geta verið í öðrum lögum um tiltekna málaflokka.
- Um hafnir gilda hafnalög nr. 61/2003 og þar eru þau ákvæði sem gilda um hafnarsjóði. Í lögnum er gerður greinarmunur á höfnum sem eru í eigu sveitarfélaga og höfnum sem teljast ekki til opinbers reksturs. Um arðgreiðslur í hafnalögum er einungis fjallað í tengslum við hafnir sem teljast ekki til opinbers reksturs.
- Á árinu 2012 var það lagaumhverfi sem gildir um rekstur Hafnarsjóða skoðað sérstaklega og niðurstaða þeirrar vinnu er að sveitarfélög getur ekki tekið fjármuni út úr Hafnarsjóði með varanlegum hætti, miðað við núgildandi lagaumhverfi og rekstrarform.
- Hins vegar er ekkert í hafnalögum sem bannar höfnum að ávaxta fjármuni sína með lánveitingum til tengdra aðila, séu slík lán gerð með formlegum hætti og miðað við sambærileg kjör og viðgangast í viðskiptum ótengdra aðila.
- Í tilfelli Sveitarfélagsins Hornafjarðar þá skýrist breyting á umræddri viðskiptastöðu af því að Aðalsjóður heldur utan um bankareikninga sveitarfélagsins og því færast þeir fjármunir sem eftir standa þegar greitt hefur verið af fjárfestingum og lánum til Aðalsjóðs.
- Við ítrekum þá ábendingu okkar að stjórnendur fari yfir fjárhagsskipan Hafnarsjóðs og tryggi að sjóðurinn hafi eðlilega ávöxtun af þeim fjármunum sem Aðalsjóður hefur í sinni vörslu.

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem fjármögnuð eru fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hornafjarðarveitur, Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningnum.

7.2.2 Hornafjarðarveitur

- Rekstrarafgangur Hornafjarðarveitna á árinu 2014 nam 9 millj. kr. samanborið við 5 millj. kr. árið áður. Eigið fé nam í árslok um 10 millj. kr. og veltufé frá rekstri nam 31 millj. kr.
- Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 9 millj. kr.
- Viðskiptaskuld Hornafjarðarveitna við Aðalsjóð nam í árslok 2014 124 millj. kr. en var 117 millj. kr. í árbyrjun.
- Við vekjum athygli á því að ef fyrirséð er að viðskiptakrafa Aðalsjóðs á Hornafjarðarveitur verði varanleg er rétt að ganga frá samkomulagi þar á milli.

7.2.3 Félagslegar íbúðir

- Rekstrarafgangur félagslegra íbúða nam 1 millj. kr. Eigið fé var í árslok neikvætt um 34 millj. kr. og veltufé frá rekstri nam 8 millj. kr.
- Viðskiptaskuld Félagslegra íbúða við Aðalsjóð nam í árslok 2014 um 10 millj. kr. en var 9 millj. kr. í árbyrjun.

7.2.4 Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

- Jafnvægi var í rekstri Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. á árinu 2014.
- Eigið fé var í árslok var 14 millj. kr.
- Viðskiptaskuld Gagnaveitunnar við aðalsjóð nam 39 millj. kr. í árlök. Við vekjum athygli á að ganga þarf frá fjármögnun félagsins til langs tíma annað hvort með skuldabréfi eða hækkun á hlutafé.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2014	Breyting f.f. ári	2013	Breyting f.f. ári	2012
Hornafjarðarveitur					
Rekstrartekjur	73.329	0,2 %	73.179	14,1 %	64.142
Rekstrargjöld	(64.565)	(5,3 %)	(68.178)	10,7 %	(61.576)
Rekstrarniðurstaða	<u>8.765</u>		<u>5.001</u>		<u>2.566</u>
Veltufé frá rekstri	30.527	3,4 %	29.516	14,4 %	25.796
Hornafjarðarhöfn					
Rekstrartekjur	140.551	(29,2 %)	198.544	3,7 %	191.530
Rekstrargjöld	(121.972)	(17,7 %)	(148.219)	7,6 %	(137.737)
Rekstrarniðurstaða	<u>18.578</u>		<u>50.325</u>		<u>53.793</u>
Veltufé frá rekstri	41.796	(40,0 %)	69.622	1,6 %	68.548
Félagslegar íbúðir					
Rekstrartekjur	27.105	11,9 %	24.231	(27,7 %)	33.495
Rekstrargjöld	(26.187)	(5,3 %)	(27.664)	(17,2 %)	(33.425)
Rekstrarniðurstaða	<u>918</u>		<u>(3.433)</u>		<u>70</u>
Veltufé frá rekstri	8.086	(12,5 %)	9.241	176,4 %	3.343
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.					
Rekstrartekjur	10.011	97,3 %	5.073	83,9 %	2.759
Rekstrargjöld	(9.790)	19,0 %	(8.229)	38,4 %	(5.946)
Rekstrarniðurstaða	<u>221</u>		<u>(3.156)</u>		<u>-</u>
Veltufé til rekstrar	6.413	325,0 %	1.509	(259,3 %)	(947)

8.1 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2015-2018

- Hér að neðan má sjá sjá áætlaða þróun handbærs fjár hjá sveitarfélaginu miðað við áætlanir tímabilsins 2015 til 2018.
- Eins og sést á meðfylgjandi yfirliti er þess vænst að greiðsluafgangur sveitarfélagsins eftir afborganir langtímalána muni á tímabilinu nema 795 millj. kr., á sama tíma er uppsöfnuð fjárþörf vegna fjárfestinga metin um 1.125 millj. kr. og mun sveitarfélagið þurfa að taka lán til að standa undir framkvæmdum og eðlilegri sjóðspörf.
- Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir um 460 millj. kr. lántöku á tímabilinu. Gangi þessar áætlanir sveitarfélagsins eftir er lánsfjárþörf þess þó lægri en áætlanir gera ráð fyrir.

	Ársreikningur 2013	Ársreikningur 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur	2.028	2.113	2.066	2.064	2.064	2.064
Rekstrargjöld án afskrifta	(1.658)	(1.749)	(1.778)	(1.748)	(1.745)	(1.745)
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	<u>370</u>	<u>364</u>	<u>288</u>	<u>316</u>	<u>319</u>	<u>319</u>
Afskriftir	(119)	(132)	(120)	(129)	(137)	(144)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(23)	(14)	(54)	(26)	(56)	(56)
Tekjuskattur	1	(0)	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	<u>229</u>	<u>218</u>	<u>114</u>	<u>161</u>	<u>125</u>	<u>119</u>
Veltufé frá rekstri, skv. stjórðstreymi	371	376	271	331	304	304
Afborganir langtímalána og leiguskulda, skv. ársreikningi	(98)	(106)	(110)	(110)	(108)	(87)
Greiðsluafgangur (fjárþörf)	<u>273</u>	<u>270</u>	<u>161</u>	<u>221</u>	<u>196</u>	<u>218</u>
Uppsafnaður greiðsluafgangur vegna 2015-2018, fyrir fjárfestingar			161	382	578	795
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2015-2018			(300)	(300)	(300)	(225)
Uppsöfnuð fjárþörf 2015-2018, vegna fjárfestinga			(300)	(600)	(900)	(1.125)
Samtals uppsöfnuð fjárþörf 2015-2018			(139)	(218)	(322)	(330)
Þróun handbærs fjár út frá árslokastöðu 2014		145	6	(73)	(177)	(185)

8.2.1 Fjárhagsskilyrði

- Í lánasamningi sveitarfélagsins við Sparisjóð Hornafjarðar sem gerður var á árinu 2013 eru tilgreind tvö fjárhagsskilyrði:
 1. að framlegð til 5 ára sé yfir 15% að meðaltali reiknuð frá árinu á undan,
 2. að nettó vaxtaberandi skuldir á íbúa séu ekki yfir 450 þús. Kr. á íbúa. Nettó vaxtaberandi skuldir eru heildarskuldir að frádregnum lífeyrisskuldbindingum og veltufjármunum.
- Í árslok 2014 stóðst sveitarfélagið ofangreind fjárhagsskilyrði.

8.2.3 Lántökur

- Sveitarfélagið hefur samið um 20 millj. kr. yfirdráttarheimild við viðskiptabanka sinn sem í árslok 2014 var ónotuð.



cutting through complexity™

© 2015 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.